Samtímastraumar

12.10.2026

Samtímastraumur segja til um hversu mörg tæki geta horft á efni samtímis. Með Sjónvarpi Símans fylgir alltaf einn straumur, með Þægilega pakkanum fylgja tveir straumar og með Heimilispakkanum fylgja þrír!

Vantar þig fleiri strauma?
Þú getur bætt við auka samtímastraum ásjálfsafgreiðsluvefnum okkar.

Að hámarki getur þú verið með fimm samtímastrauma á einni áskrift, en ef þú reynir að spila efni í fleiri tækjum færð þú viðvörum um að straumahámarki sé náð. Þá getur þú valið að slökkva á afspilun í öðru tæki til að taka yfir strauminn og nota hann í núverandi tæki.

Dæmi:

> *Helga er í ferðalagi og ætlar að horfa á Sjónvarp Símans í spjaldtölvunni sinni, en hún skildi sjónvarpið heima eftir í gangi og er því komin upp í straumahámarkið sitt. Helga fær þá viðvörun upp á skjáinn og getur valið að slökkva á straumnum í sjónvarpinu heima og byrjað strax að horfa í spjaldtölvunni!*

Straumar í HBO Max appinu

Með HBO Standard áskrift fylgja tveir samtímastraumar og með HBO Premium áskrift fylgja fjórir samtímastraumar.

Straumar á efni frá Sýn

Samkvæmt reglum frá Sýn mátt þú horfa á efnið þeirra á allt að tveimur IP tölum í einu en að hámarki 5 samtímastraumar eru á hverri IP tölu. Ef þú reynir að horfa frá þriðju IP tölu á sama tíma þarftu að taka yfir afspilun frá öðru tæki.